

Alþingi
Erindi nr. P 128/704
komudagur 9.1.2003



Alþingi Íslendinga
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 8. janúar 2003

Tilvisun: FEL02120039/0005/GK/--

Ráðuneytið vísar til bréfs skrifstofu Alþingis, dags. 12. desember 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga nr. 96/2002.

Ráðuneytið hefur einkum tekið til athugunar ákvæði b-liðar 2. gr., frumvarpsins þar sem útlendingi frá öðru ríki en aðildarríki EFTA er heimilað að koma til landsins án sérstaks leyfis og veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári. Við þetta ákvæði eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

a. Í lögum um útlendinga er fjallað um heimild útlendinga til að koma og dvöl þeirra hér á landi. Lög um atvinnuréttindi útlendinga kveða á um rétt útlendinga til að starfa hérlendis. Ráðuneytið telur að fella eigi brott niðurlag ákvæðisins og taka upp tilvitnaða undanþágu um veitingu þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári í lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Hér kemur til álita að umorða ákvæði b-liðar 14. gr. III. kafla l. nr. 97/2002. Ákvæðið þarf að gera skýrara og greina á milli annars vegar borgara i aðildarríkjum að stofnsamningi EFTA og annarra útlendinga sem fjallað er um í b-lið 2. gr. frumvarpsins um breyting á útlendingalögum.

b. Ekki verður annað séð en ákvæði í b-lið 2. gr. í frumvarpinu sé rýmra en ákvæði í viðauka K við stofnsamning EFTA, sbr. b-lið ii í 16. gr. 1. viðbættis. Í umræddum staflið viðbættisins er það skilyrði sett að útlendingur sem ákvæðið tekur til hafi verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði annars EFTA-ríkis þannig að hann geti notið réttar samkvæmt ákvæðinu (starfsmaður, án tillits til ríkisfangs, aðila sem veitir þjónustu, og er virkur þátttakandi á almennum vinnumarkaði aðildarríkis og sendur til að veita þjónustu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis ...). Ráðuneytið telur að hér sé einungis átt við útlendinga sem hafi fengið atvinnuleyfi í öðru EFTA-ríki sem er hliðstætt óbundnu atvinnuleyfi, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2002. Ráðuneytið leggur til að ákvæði frumvarpsins verði samræmt orðalagi stofnsamnings EFTA að þessu leyti. Er þetta einnig því til staðfestu að færa eigi ákvæðið undir lög um atvinnuréttindi útlendinga, þar sem fjallað er um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi.

F. h. r.

